

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 2. desember 2022.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.40 og lauk kl.17.45.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson og Viðar Halldórsson.
Forföll: Aðalbjörg Óladóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Sylvía Ósk Speight, Már Sveinbjörnsson og Arnfríður Kristín Arnardóttir.

Dagskrá:

1. Samræmd viðbragðsáætlun

Í byrjun nóvember sl. tilkynnti ÍSÍ um útgáfu samræmdrar viðbragðsáætlunar fyrir íþróttá- og æskulýðsstarf. Viðbragðsáætlunin var unnin í sameiningu af Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ), Kristilegu félagi ungra manna og kvenna (KFUM og K), Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Æskulýðsvettvanginum (ÆV). Sigurbjörg Sigurpálsdóttir samskiptaráðgjafi leiddi gerð viðbragðsáætlunarinnar í samstarfi við vinnuhóp sem ofangreind samtök áttu fulltrúa sinn í.

Öll aðildarfélög og deildir ÍBH eru beðin um að kynna hana fyrir öllum sem koma að íþróttastarfinu og setja hana á heimasíður félaga undir vefslóðinni, <https://www.samskiptaradgjafi.is/verkfaerakista>, svo félögin séu alltaf með nýjustu uppfærsluna af samræmdri viðbragðsáætlun. ÍBH hefur þegar sett vefslóðina undir lógó á heimasíðu sinni <https://ibh.is>.

2. Íþróttældhugi ársins 2022

Lagt fram til kynningar og umræðna. Um er að ræða nýja viðurkenningu sem valnefnd skipuð fólki úr íþróttahreyfingunni velur. Óskað er eftir ábendingum sem almenningur getur sent inn til 5. desember nk., á vefslóðinni lotto.is/ithrottaeldhugi, en leitað er eftir framúrskarandi sjálfboðaliðum. Íþróttældhugi ársins 2022 fær afhentan glæsilegan verðlaunagrip frá Lottó.

3. Knattspyrnuþing 2023 – boðun

Verður haldið í Íþróttahúsinu á Torfnesi, Ísafirði 25. febrúar 2023.

4. Fjárhagsáætlun ÍBH og Afrekssjóðs ÍBH 2023

Drög að tekjuáætlun 2023 lögð fram til kynningar.

5. Fundir stjórnar ÍBH vor 2023

Drög lögð fram. Búið var að samþykkja á stjórnarfundum 2.11.2022 að janúarfundur yrði heimsókn til Hestamannafélagsins Sörla og er hún 11. janúar kl. 16.30. Ákvarðanatöku um aðra fundi frestað.

6. Velja dagsetningu á þing ÍBH vor 2023

Fundarmenn leggja til virkan dag.

7. Formannafundur ÍSÍ nóvember 2022

Gögn af fundinum lögð fram til kynninga og umræðna.

8. ÍSÍ bikar

Umsóknir kynntar. Lagt til að stjórnarmenn kjósi um hann í netkosningu.

9. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.